



Ég held að ég hafi alltaf verið hálfgerður fullkomnarsinni, segir Guðný Rósa.

FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Litlu hlutirnir skipta öllu

Sýningin opus – ous er yfirlitssýning á Kjarvalsstöðum á verkum Guðnýjar Rósu Ingimarsdóttur.

kolbrunb@frettabladid.is

Sýningin er sú fimmta í röð sýninga í Listasafni Reykjavíkur á Kjarvalsstöðum þar sem tekinn er til skoðunar ferill listamanns sem þegar hefur markað áhugaverð spor. Hverri sýningu fylgir vegleg sýningarskrá.

Guðný Rósa er fædd árið 1969. Hún stundaði nám í Myndlistar- og handíðaskóla Íslands og lauk framhaldsnámi í L'Ensav La Cambre í Brussel og í HISK í Antwerpen í Belgíu. Hún hefur sýnt verk sín á einkasýningum hér á Íslandi og víðs vegar um Evrópu. Verk hennar má finna í opinberum söfnum í Frakklandi, Belgíu, Slóveníu og á Íslandi. Hún býr í Belgíu.

„Ég er afskaplega snortin, það fylgir þessu einstaklega hlý tilfinning. Þarna eru verk sem ég hef ekki séð lengi,“ segir Guðný Rósa þegar hún er spurð hvernig tilfinning það

sé að sjá verk frá síðustu tuttugu og fimm árum á einni sýningu.

Form af forvitni

Verk Guðnýjar Rósu eru oft gerð úr tilfallandi efnivið sem verður á vegi hennar. „Ég nýti allt. Litlu hlutirnir skipta öllu. Ég sé allt í engu. Ég man eftir afa sem geymdi efni úr Lesbók Morgunblaðsins, braut það saman og flokkaði. Ég er dálítið þar, að flokka og grípa efni. Þetta er ekki fortíðarþrá, frekar ákveðið form af forvitni.“

Hefur hún alltaf séð mikilvægi litlu hlutanna? „Ég held að ég hafi alltaf verið hálfgerður fullkomnarsinni, smámunasöm jafnvel. Ekki smámunasöm í neikvæðri merkingu heldur þveröfugt, ég sé góðvild, gleði og töfra í litlu hlutunum.“

Gleymir sér í vinnunni

Guðný Rósa hefur unnið í fjölbreytta miðla, gert til dæmis hljóðverk og skúlptúra. Meðal hljóðverka á yfirlitssýningunni er upplestur dóttur Guðnýjar Rósar, sem þá var níu ára, á enskri þýðingu á Tímanum og vatn-

”

Ég sé góðvild, gleði og töfra í litlu hlutunum.

inu. Guðný Rósa hefur á ferli sínum vakið mikla athygli fyrir pappírsværk sín og þau eru afar áberandi á þessari yfirlitssýningu. Guðný Rósa notar fjölbreyttan pappír eins og kalkipappír, arkitektapappír, veggfóður og prentpappír. Pappírsværkin eru gerð af nákvæmni og eru gjarnan skorin út, teiknuð með finlegum blýanti, saumuð með tvinna og ólíkum efnum jafnvel skeytt saman.

„Ég hef alltaf teiknað. Þegar ég var krakki og var með pappír og blýant fyrir framan mig þá fannst mér ég geta gert allt. Snertingin við pappírinn finnst mér heillandi. Það er hægt að skera sig á pappír en svo getur hann orðið að engu í vatni og þegar maður brýtur hann saman situr línan eftir.“

Hefur hún fegurðarsjónarmið í huga við listsköpun: „Ég hugsa ekki endilega um það en ég held samt að það að hrífast og vera heillaður skipti ölli máli í listsköpun.“

Ég gleymi mér í vinnunni eins og maður getur gleymt sér uppi á fjöllum. Myndlistin er hluti af fjölskyldunni og ég er alltaf að. ■